

# Endursköpun brjósts með Diep-flipa

Endursköpun á brjósti er gerð eftir að brjóst hefur verið fjarlægð. Í aðgerðinni er húðflípi, ásamt fitu og æðum, fluttur frá neðri hluta maga á brjóstvegginn þar sem brjóstið er byggt upp. Til að flýta fyrir bata er ákveðnu ferli fylgt sem snertir hreyfingu og næringu fyrir og eftir aðgerð. Konur sem fara í slíka aðgerð mega gera ráð fyrir að vera frá vinnu í 4-6 vikur, háð starfi og líðan.

## Lyfjanotkun

Þegar boðað er til aðgerðar er farið yfir lyfjanotkun og metið í samráði við lækna hvaða lyf má taka fram að aðgerð. Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni. Hætta þarf töku getnaðarvarnarpillu tveimur vikum fyrir aðgerð.

## Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna, þar með talið lýsis og Omega 3, tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

## Næring og hreyfing

Ráðlagt er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orku- og próteinríka næringardrykki. Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

## Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og níkótínlyf hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Reykingar og níkótín valda skertu blóðflæði í húðflípum og er drep algengara hjá þeim sem nota níkótín. Nauðsynlegt er að hætta tóbaksnotkun minnst þremur mánuðum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki fjórar vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafþjónustuna. Eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

## Magabelti

Kaupa þarf magabelti til að styðja við skurðsárið og draga úr verkjum eftir skurðaðgerð. Mælt er að með að kaupa sérstakt þriggja arma magabelti og eru veittar ráðleggingar varðandi það í viðtali á göngudeild. Sjúkratryggingar taka þátt í þeim kostnaði. Læknir á göngudeild skrifar beiðni í innskriftarviðtali eða fyrir aðgerð.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við lækni lýta- og svæfingadeildar og hjúkrunarfræðing. Spurt er um heilsufar, gerð líkamsskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Farið er yfir notkun dagbókar sem sjúklingur hefur hjá sér eftir aðgerð. Þar koma fram upplýsingar um atriði sem geta flýtt fyrir bata og minnkað hættu á fylgikvillum. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu.

### Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni. Aðrar rannsóknir eru framkvæmdar ef aldur eða heilsufar gefa tilefni til.

### Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir þjónustu á innskriftarmiðstöð.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð á læri kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á blóðtappamyndun. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Klukkan 18 kvöldið fyrir aðgerð: Byrja að drekka sérstaka undirbúningsdrykki sem afhentir voru í innskriftarviðtali (alls 800 ml). Fá sér aukabita áður en farið er að sofa.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann. Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Tveimur klst. fyrir áætlaðan aðgerðartíma á að drekka sams konar undirbúningsdrykki (alls 400 ml) og kvöldið áður samkvæmt leiðbeiningum. Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sótthreinsandi sápu, fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota svitalyktareyði eða bera krem á andlit eða líkamann eftir sturtuna.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild þarf að hafa magabelti meðferðis. Einnig er gott að hafa með sér slopp, innískó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Þar er aftur farið í sturtu og notuð sótthreinsandi sápa.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Svæfingunni er viðhaldið með svæfingalyfjum. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 3-5 klukkustundir.

Eftir aðgerð er dvalið á gjörgæsludeild til næsta dags en þá fer sjúklingur á legudeild. Nánustu aðstandendum er heimilt að heimsækja sjúkling á gjörgæsludeild.

### Verkir

Til að byrja með má búast við verkjum í skurðsárum á kvið og brjósti, sérstaklega við öndunaræfingar og hreyfingu. Í aðgerðinni er settur deyfileggur sem liggur að skurðsvæðinu á kvið. Verkjalyf eru gefin í hann á 4-6 klst. fresti fyrstu dagana eftir aðgerð. Eðlilegt er að finna fyrir dofa í nýja brjóstinu. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við þeim. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir				Gríðarlegir verkir

### Hreyfing og öndun

Ekki má fara fram úr rúmi fyrr en daginn eftir aðgerð. Mikilvægt að hafa kotta undir hnám og hækkað undir höfði svo ekki komi tog á skurðsár á kvið. Fyrstu dagana eftir aðgerð þarf að gæta þess að rétta ekki alveg úr sér til að koma í veg fyrir tog á kvið og forðast álag á handlegg þeim megin sem flipinn er. Einnig þarf að forðast að lyfta hendi upp yfir höfuð.

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Öndunaræfingar hjálpa til við að losa slím úr lungum og fótaæfingar auka blóðstreymi í fótum og draga úr hættu á myndun blóðtappa. Sjúkraþjálfari veitir leiðbeiningar um djúppöndun og æfingar sem auka blóðrás. Sjúkraþjálfari og starfsfólk deildar aðstoða við hreyfingu og framúrferð þar til sjúklingur er sjálfbjarga. Mikilvægt er að fylgja áætlun um hreyfingu og öndunaræfingar sem kemur fram í dagbók.

Súrefni er gefið fyrsta sólahringinn eftir aðgerð og eftir þörfum.

### Þvaglát

Þvagleggur er settur í aðgerðinni og er hann fjarlægður eins fljótt og hægt er til að minnka hættu á þvagfærasýkingu, yfirleitt 1-2 dögum eftir aðgerð. Þegar búið er að fjarlægja þvaglegginn getur borið á þvagregðu og því mikilvægt að láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

## Matur og drykkur

Gefinn er vökvi í æð fyrsta sólarhringinn. Daginn eftir aðgerð má fá fljótandi fæði að morgni og síðan almennt fæði. Ekki má borða milli máltíða fyrstu þrjá dagana eftir aðgerð, þar sem mögulegt er að gera þurfi enduraðgerð ef blóðflæði til nýja brjóstisins er ekki nægilegt. Þó má drekka tæra drykki milli máltíða þá daga. Boðnir eru næringardrykkir sem mikilvægt er að drekka til að byggja upp líkamann eftir aðgerð. Ekki má drekka kaffi eða aðra drykki sem innihalda koffein (til dæmis orkudrykki) vegna hættu á skertu blóðflæði til brjóstisins fyrstu vikuna eftir aðgerð. Sumir finna fyrir lystarleysi og jafnvel ógleði eftir aðgerð og eru þá gefin ógleðistillandi lyf.

## Skurðsár

Skurðsár eru á brjósti/brjóstum og kvið. Þeim er lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér. Fylgst er með skurðsárum og skipt á umbúðum eftir þörfum. Blóðflæði til nýja brjóstisins er skoðað reglulega með ómtæki sem lagt er á brjóstið. Fara má í sturtu fjórum dögum eftir aðgerð. Fyrst eftir aðgerð er nánast engin tilfinning í húð á brjósti en með tímanum má reikna með að hún aukist.

## Magabelti

Magabelti er sett yfir kviðinn 1-2 dögum eftir aðgerð og haft dag og nótt í fjórar vikur. Eftir það er nóg að hafa beltið yfir daginn næstu tvær vikur.

## Drenslanga

Yfirleitt eru settar 3-4 drenslöngur í aðgerðinni sem liggja frá skurðsvæðum, út í gegnum húð til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð. Stundum útskrifast konur með dren og koma þá á göngudeild til eftirlits.

## Blóðþynning

Skurðaðgerð og minnkuð hreyfing auka hættu á blóðtappa í fótum. Lyf sem þynnir blóðið er gefið í fyrirbyggjandi tilgangi í 10-14 daga eftir aðgerð. Lyfinu er sprautað undir húð einu sinni á dag. Hreyfing og fótaæfingar er einnig mikilvæg forvörn. Teygjusokkar bæta blóðrás í fótum og minnka hættu á blóðtappamyndun og þarf að nota dag og nótt meðan á sjúkrahúsdvöl stendur.

## Svefn og hvíld

Truflun getur orðið á svefni, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Verkir, skert hreyfigeta og umhverfisþættir geta haft áhrif á svefn og mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa svo hægt sé að bregðast við því.

## Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra og geta kallað aðra fagaðila til stuðnings ef þörf er á.

## Útskrift

Útskrift er áætluð 5-7 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð getur það lengt sjúkrahúsdvölinu.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftafræðslu
- Rafrænan lyfseðil
- Endurkomutíma hjá sérfræðingi
- Endurkomutíma á göngudeild 10E ef útskrifast með dren

## Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 til 22	543 7570
Lýtalækningadeild A4	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

# Endursköpun brjósts með Diep-flipa

## Verkir

Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Lyfseðill er sendur rafrænt í apótek. Búast má við að finna fyrir dofa, stingjum og kláða yfir kvið í allt að ár eftir aðgerð.

## Mataræði

Ekki er nauðsynlegt að breyta fæðuvenjum vegna aðgerðarinnar. Hins vegar er mikilvægt að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann. Við lystarleysi getur verið gott að borða oftar en minna í einu. Hægt er að kaupa sérstaka næringardrykki í apótekum. Byrja má að taka lýsi fimm dögum eftir aðgerðina en nauðsynlegt er að taka inn lýsi eða annan D-vítamíngjafa sérstaklega yfir vetrartímann. Upplýsingar um næringu má finna á vef Lýðheilsustöðvar; [www.lydheilsustod.is/naering](http://www.lydheilsustod.is/naering).

## Skurðsár

Skurðsárum er lokað með saumi sem eyðist af sjálfu sér. Yfir þeim eru plástrar sem eru hafðir í 2-3 mánuði og skipt er um í endurkomutíma. Lausar umbúðir eru hafðar yfir plástrum á brjósti. Ef þær blotna er nauðsynlegt að setja nýjar. Hægt er að kaupa umbúðir í lyfjaverslunum. Eftir sturtu er gott að leyfa lofti að leika um skurðsárin svo þau þorni vel. Þó þarf að gæta þess að brjóstasvæðið verði ekki of kalt. Búast má við að tilfinning í endurskapaða brjóstinu sé önnur en í hinu. Sumar konur tjá sig jafnvel um algert tilfinningarleysi eða doða í brjóstinu og slíkt er ekki óeðlilegt. Yfirleitt má gera ráð fyrir að tilfinning aukist með tímanum. Einnig getur útlit brjóstins verið annað en það sem búist var við en endanlegt útlit kemur ekki í ljós fyrr en bólga hefur hjaðnað og sárið jafnað sig. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að ár eftir aðgerð.

## Magabelti

Magabelti er haft yfir kvið dag og nótt í fjórar vikur. Eftir það er nóg að hafa beltið yfir daginn næstu tvær vikur.

## Dren

Stundum er eitt eða fleiri dren enn til staðar við útskrift. Hjúkrunarfræðingur á göngudeild 10E fjarlægir dren og sinnir eftirliti með þeim. Veittar eru leiðbeiningar fyrir útskrift um umhirðu drens og mælingar blóðvökva. Dren er yfirleitt fjarlægt þegar minna en 30 ml safnast í það yfir sólarhringinn.

## Þvaglát og hægðir

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina. Mikilvægt er að halda hægðum mjúkum og koma í veg fyrir hægðatregðu. Mælt er með að borða trefjaríka fæðu s.s. ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef tilhneiging er til að fá hægðatregðu er gott að drekka glas af sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag. Einnig má nota hægðamýkjandi mixtúru sem fæst í lyfjaverslun án lyfseðils.

## Hreyfing

Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur. Ekki má fara í sund í 6-8 vikur eftir aðgerð. Sjúkráþjálfari veitir leiðbeiningar fyrir útskrift um hvenær má byrja líkamsrækt eftir aðgerð.

Forðast þarf:

- Áreynslu í 4–6 vikur eftir aðgerð, þyngri heimilisstörf og að lyfta eða bera þunga hluti (yfir 5 kg).
- Að lyfta hendi upp yfir höfuð á meðan skurðurinn er að gróa.
- Að aka bíl fyrstu 2-3 vikurnar eftir aðgerð þar sem tog getur komið á brjóstasvæðið og öryggisbelti þrengt að.

## Kynlíf

Almennt má hefja kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess, en varast beinan þrýsting og tog á skurðsvæðið. Hvers konar kvíði og álag getur valdið erfiðleikum í kynlífi. Ef upp koma vandamál er um að gera að ræða það í viðtali við hjúkrunarfræðing göngudeildar. Sjúklingi og maka stendur til boða að fá kynlífsráðgjöf, fræðslu og stuðning hjá kynfræðingi á Landspítala. Hægt er að bóka tíma í síma 543 6800 eða senda póst á netfangið: jonaijon@landspitali.is. Einnig getur hjúkrunarfræðingur á brjóstamiðstöð séð um tímabókun.

Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Landspítala:

<https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/raedsluefni/kynlif-og-sjukdomar/>

## Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu vikunnar eftir aðgerð. Gott er að ná a.m.k. 6–8 klst. nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð geta dregið úr þreytu.

## Andleg líðan

Sumir finna fyrir kvíða og óöryggi í kjölfar veikinda. Oft hjálpar að tala við sína nánustu og vera óhræddur við að ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er um að gera að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

## Vinna

Byrja má að vinna aftur 4-6 vikum eftir aðgerð en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

### Hafa þarf samband við brjóstamiðstöð 10E á dagvinnutíma ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærra en 38°C
- Blæðir eða vessar úr skurðsári eða bólga eða spenna er í brjósti
- Roði, blámi eða fölvi á brjósti
- Særindi eru við þvaglát, tíð þvaglát eða illa lyktandi þvag
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Viðvarandi ógleði eða uppköst
- Verkur eða bjúgur er í kálfa/fæti
- Ef ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Ef mikill sljóleiki er til staðar eftir töku verkjalyfs

Utan dagvinnutíma er haft samband við lýtalækningadeild A4.

## Eftirlit

Eftirlit hjúkrunarfræðings og læknis á brjóstamiðstöð: Sjá endurkomutíma sem afhentir eru við útskrift.

## Símanúmer

Brjóstamiðstöð 10E 825 3520

Lýtalækningadeild A4 543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

## Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

### Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

### Verkjalyf

Taka á verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalyf séu tekin reglulega má taka verkjalyf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalyfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalyfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Verkjalyf tekin reglulega:	Viðbótar-verkjalyf:
Lyf:	Lyf:
Skammtur:	Skammtur:
Hversu oft á að taka lyfið?	Hversu oft má taka lyfið?
Lyf:	
Skammtur:	
Hversu oft á að taka lyfið?	

## Algengar aukaverkanir verkjalyfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

### Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki.

### Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgu þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

### Slævandi áhrif

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

### Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.